



Fáliðunarstefna Grænuvalla - viðmið vegna lágmarks mönnunar

Markmið með viðmiðunum um faliðun er að tryggja öryggi og námsaðstæður barna auk þess að stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi kennara. Um neyðarráðstöfun er að ræða. Til þessara ráðstafana er gripið þegar faliðun hefur áhrif á öryggi nemenda og ekki er hægt að fara eftir kjarasamningum.

Ástæður:

Upp geta komið aðstæður þar sem fjarvistir starfsmanna verða verulegar t.d. vegna:

- Veikinda starfsfólks
- Veikinda barna starfsfólks
- Leikskólakennaranemar í staðlotum til viðbótar við aðrar fjarverur

Aðgerðir:

Senda verður ákveðinn fjölda barna heim og miðast fjöldinn þá við gömlu barngildin sem gera ráð fyrir fleiri börnum en barngildin sem stuðst er við dags daglega. Fjöldi barna sem sendur er heim ræðst af fjölda starfsmanna og barna sem eru fjarverandi og aldri barnanna og barngildum sem eftir er í leikskólanum.

Samkvæmt gömlu viðmiðunum er fjöldi á hvern starfsmann eftirfarandi:

- 1 árs – 4 börn
- 2 ára – 5 börn
- 3 ára – 6 börn
- 4 ára – 8 börn
- 5 ára – 10 börn

Börn sem eru með stuðning eiga að halda sínum stuðningi

Núgildandi barngildi eru eftirfarandi:

- 1 árs – 4 börn
- 2 ára – 5 börn
- 3 ára – 6 börn
- 4 ára – 8 börn

- 5 ára – 8 börn

Aðgerðaráætlun

Áður en börn eru send heim eru:

1. Börn og starfsfólk færð á milli deilda til að jafna barngildi og tryggja þannig öryggi barna og að hvergi sé undirmanað
2. Starfsfólk beðið um að vinna styttinguna sína og fá hana greidda eða eiga hana inni.
3. Starfsfólk kallað í vinnu utan vinnutíma, beðið um að koma fyrir eða vinna lengur.
4. Leikskólakennarar og aðrir sem eiga lögbundinn rétt á undirbúningstíma beðnir um að vinna undirbúningstíma utan vinnutíma og fá hann greiddan í yfirvinnu.

Síðasta aðgerð fáliðunarstefnu er að senda nemendur heim.

Samskipti við foreldra

Hringt er í foreldra sem beðnir eru um að sækja barn vegna fáliðunar. Ef ekki næst í foreldra með símtali eru skilaboð send í gegn um Karellen-appið. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri hafa samband við foreldra. Ef senda þarf börn heim af fleiri en einni deild eru systkini send heim sama daginn. Starfsmannabörn eru undanskilin. Farið er eftir stafrófsröð og haldið utan öll gögn með skráningu.

Samskipti við fræðsluvið

Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri tilkynna fræðslufulltrúa aðgerðir samkvæmt viðmiðum þessum.

28. nóvember 2022